

Árið 2016-2017

ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR PÝTS



NEFNDIN:

Fanney Dögg Indriðadóttir formaður, Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir, Irina Kamp, Katarina Borg og Sigurður Björn Gunnlaugsson.



Keppnismyndir.



50 flottir krakkar tóku þátt í Æskulýðsstarfi Þyts þetta árið. Boðið var upp á nokkrar mismunandi greinar.

Vetrarnámskeið í reiðmennsku

Kennarar voru Fanney Dögg Indriðadóttir og Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir

Knapamerki 1, 2, 3 og 4 – alls voru 8

nemendur að taka mismunandi stig sem enduðu öll með prófi í lok apríl. Allir náðu prófinu og það var almenn ánægja með knapamerkis fyrirkomulagið. Knapamerki er þroskandi námskeið sem kennir knapanum öll grundvallaratriði í hestamamennsku og kennir knapanum nákvæmni í reiðmennsku. Kennslan er bæði bókleg og verkleg, kennd samhliða.



Reiðþjálfun: Börn á aldrinum 6-12 ára tóku þátt í þessu námskeiði sem stóð yfir í 10 vikur, kennt einu sinni í viku. Alls voru 14 börn á námskeiðinu og þeim var skipt niður í þrjá hópa eftir getu og aldri. Flestir krakkarnir voru með sinn eigin hest á námskeiðinu, en þeir sem áttu ekki hest fengu lánaðan eða leigðan hest sem félagið hjálpaði til við að finna í sameiningu með hesthúsaeigendum á Hvammstanga.

Námskeiðið gekk vel og frábært að sjá áhugann hjá krökkunum. Það kviknaði sérstakur áhugi fyrir gangtegundinni stökk og hindrunarstökk var ofarlega á óskalistanum um verkefni dagsins hjá eldri hópnum, sem var gaman. Við það jókst kjarkur og þor og áseta og stjórnun batnaði í



kjölfarið. Yngri hópurinn átti fullt í fangi með að stjórna sínum hestum og læra mismunandi reiðleiðir og prautir. Við fórum gjarnan í leiki til að auka áhuga.

Keppnisþjálfun: Alls voru 7 börn sem var skipt niður í tvo hópa. Í keppnisþjálfun er lögð áhersla á að kenna nemendum að þjálfa hestinn sinn rétt ásamt því að kenna þeim góða ásetu og stjórnun á mismunandi gangtegundum. Farið er yfir keppnisfyrirkomulagið og helstu reglur í keppni. Í hverri viku fyrir mót var haldin æfing þar sem farið var yfir prógrammið og krökkunum leiðbeint.

Mótahald

Haldin voru þrjú innanhúsmót í Húnavetnsku liðakeppninni sem krakkar í barnaflokki,



unglingaflokki og pollaflokki gátu tekið þátt í, keppt var í tölti T7, tölti T3 og fjórgangi. Einnig var firmakeppni þar sem góð þátttaka barna var.

Firmakeppnin var haldin í kringum öskudaginn þannig að allir voru í búningum og frítt kaffihlaðborð á eftir. Þytskrakkarnir voru einnig dugleg að keppa á fleiri mótum s.s. Skagfirsku mótaröðinni. Þau voru líka dugleg að



keppa á útimótum sumarsins s.s.

Gæðingamótinu sem var einnig úrtaka fyrir FM, Opna íþróttamóti Þyts, Fjórðungsmóti Vesturlands, Íslandsmóti í hestaíþróttum og fleiri mótum. Þau náðu góðum



árangri og m.a. nokkrum sigrum og a- og b-úrslitasætum á stórmótunum.

Hestafimleikar

Starfstími hestafimleikadeildarinnar er frá miðjum ágúst og fram í maí.

Á haustin hefjast æfingar í íþróttahúsinu á Hvammstanga og eru þar tvisvar í viku fram að áramótum og einu sinni í viku eftir áramót.

Þar æfa saman börn á aldrinum 6 ára til 14 ára og er þeim skipt í hópa á æfingunum eftir getu, þó þau æfi samt öll saman. Æfingar í íþróttahúsinu eru mjög mikilvægar til að þjálfra grunnæfingar og getu. Einnig eru þær mjög fjölbreyttar og miðast þær við að byggja upp traust meðal iðkenda. Helst er hægt að útskýra þetta með því að hestafimleikar byggjast á þríhyrningi sem samanstendur af hestinum, þjálfaranum og krökkunum og allir verða að geta treyst öllum í þessum hópi.

Í janúar færast svo æfingarnar upp í reiðhöll þar sem æft er á hesti.

Síðastliðinn vetur voru þrír hestar í verkefninu. Tveir hestar voru að staðaldri á hverri æfingu og einn var svo að auki fyrir þá sem voru styttra komnir.

Starfsemi vetrarins

Auk hinna hefðbundnu æfinga var ýmislegt á döfinni hjá hópnum.

Í október var okkar árlega gisting í íþróttahúsinu og virkilega geggjuð stemmning í náttfötum með bangsa. Byrjað var á léttari æfingu og leikjum, síðan var horft á myndband af hestafimleikum.

Foreldrarnir voru ekki með en sendu börnin með veitingar. Um morguninn var svo aftur tekin æfing áður en farið var heim.



Fjórum sinnum á ári fara félagarnir í hestafimleikum í dósasöfnun til að eiga smá aura í sjóð. Þessir fjármunir hafa meðal annars verið nýttir til búningakaupa og til að greiða fyrir húsnæði í gistipartýinu, leigu á hestum og í ferðasjóð.

Einn af hápunktum starfsins var í nóvember. Þá var haldin sýning í Íþróttahúsinu í nýju búningunum sem krakkarnir voru búin að safna fyrir. Allir lögðust á eitt að gera þetta eins glæsilegt og kostur var.

Tónlist og ljóskastarar mögnuðu áhrifin af atriðunum og krakkarnir stóðu sig með mikilli þrýði.

Virkilega góð mæting var af gestum og sýningin tókst með afbrigðum vel.

Í mars létum við verða af því að fara á dvalarheimilið á Hvammstanga, en það hefur staðið lengi til. Yngstu iðkendurnir fengu þetta verkefni og þótti mikið til koma. Enda gerðu þau mikla lukku hjá íbúum dvalarheimilisins. Stefnt er á að hafa þetta árlegan viðburð.



Lokaverkefni vetrarins var glænýtt innan félagsins og reyndar á Íslandi.

Þjálfararnir bjuggu til bóklegt og verklegt efni til að leggja fyrir krakkana að erlendri fyrimynd.

Hugmyndin byggist á því sama og knapamerkjakerfið en er sniðið að hestafimleikum.

Allir krakkarnir tóku þátt í þessu.

Bóklega efnið byggist á almennri þekkingu um umhirðu hesta, hestaliti, gangtegundir, fóðrun og heiti á þeim búnaði sem er notaður við þessa iðkun.



Krakkarnir þurftu að geta nefnt heiti æfinga og hvaða æfingaflokki þær tilheyra. Einnig að geta útskýrt lauslega hvernig keppni í þessari íþróttagrein fer fram.

Fyrri hluti verklega þáttarins fór þannig fram að börnin þurftu að bursta hestinn, hreinsa hófa og leggja á hann nauðsynlegan búnað . Þau þurftu að teyma hestinn á feti og brokki og að lokum að sýna á hestinum fimm æfingar að eigin vali .

Næsti hluti fór fram á tréhestinum (æfingatækinu sem var smíðað fyrir hópinn).

Þá unnu börnin saman tvö og tvö í einu og sýndu prógramm sem þau höfðu búið til sjálf, með það að markmiði að sýna fram á samvinnu þeirra á milli.

Á staðnum voru átta dómarar sem mátu frammistöðu hvers og eins.

Ekki voru gefnar einkunnir , enda tilgangurinn sá að auka þekkingu á hestinum, fimleikunum og mikilvægi þess að vinna saman.

Önnur skemmtun á vegum félagsins

Haldið var fjölskylduþorramblót í lok janúar, eftir að allir voru búnir að borða þorramatinn. Farið var í leiki, sungið og spilað Bingó. Allir komu saman, ungir sem aldnir og áttu góða kvöldstund saman í Þytsheimum.

Lokatími hjá öllum krökkum sem stundað hafa hestaíþróttina á vegum félagsins í vetur var svo öllum boðið að koma saman í leiki, pylsur og svala.



Það var mjög gaman, við fórum í kýló, Björn bónda og fleiri leiki og þetta

var mjög skemmtilegur lokatími þar sem allir hóparnir komu saman og höfðu gaman. Æskulýðsstarf Þyts er öflugt og fjölbreytt og nú þegar hafa kviknað nýjar hugmyndir fyrir komandi vetur. Í lok október var



síðan haldin uppskeruhátíð þar sem veitt voru viðurkenningar og knapaverðlaun í barna- og unglingaflokki. Hestamannafélagið vill þakka öllum sjálfboðaliðum og starfsfólki fyrir sitt framlag í þágu æskunnar.

Kær kveðja Æskulýðsnefnd Þyts.

